

Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ

Efni: Ályktunartillaga um leikmannssamninga í 1. og 2. deild kvenna

Reykjavík, 3. febrúar 2020.

Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum vegna þingsályktunartillögu á ársþingi KSÍ 2020 frá ÍR um leikmannssamninga í 1. og 2. deild kvenna.

Flokkun leikmanna

Alþjóðareglur og reglur héraendis gera ráð fyrir að aðeins sé um að ræða tvenns konar flokkun leikmanna. Annars vegar, áhugaleikmaður (amateur)¹ og hins vegar atvinnuleikmaður (professional)².

Áhugaleikmaður/Sambandsleikmaður

Á alþjóðavísu er áhugaleikmaður skilgreindur sem leikmaður sem ekki fær greitt fyrir að leika knattspyrnu umfram útlagðan kostnað sem hlýst af knattspyrnuíðkuninni. Hér á landi getur áhugaleikmaður einnig borið heitið „sambandsleikmaður“ en með því er vísað til stöðu leikmanns sem hefur gert skriflegan sambandssamning við íslenskt félag.

Atvinnuleikmaður/Samningsleikmaður

Á alþjóðavísu er atvinnuleikmaður skilgreindur sem leikmaður sem fær greitt fyrir að leika knattspyrnu umfram útlagðan kostnað sem hlýst af knattspyrnuíðkuninni og skv. skriflegum samningi við knattspyrnufélag. Allir leikmenn sem teljast ekki vera atvinnuleikmenn eru áhugaleikmenn. Hér á landi ber atvinnuleikmaður einnig heitið „samningsleikmaður“ en með því er vísað til stöðu leikmanns sem hefur gert skriflegan leikmannssamning við íslenskt knattspyrnufélag.

Samningar leikmanna á staðalformum KSÍ

Leikmannssamningur (professional contract)

Leikmannssamningur er sú tegund samnings sem leikmaður gerir við félag, sem heimilar honum/henni að taka við greiðslum fyrir knattspyrnuíðkun. Gerð leikmannssamning á milli félags og leikmanns er háð viðeigandi lögum og reglum þar um. Leikmaður sem gerir leikmannssamning þarf að lágmarki að vera á sínu 15. aldursári þegar samningur er gerður. Ef leikmaður er ekki orðinn 18 ára má leikmannssamningur, sem gerður er við leikmanninn, ekki ná til lengri tíma en til þriggja ára og skal forráðamaður hans/hennar einnig undirrita samninginn til að hann taki gildi. Ef leikmaður er orðinn 18 ára má gera leikmannssamning til allt að fimm keppnistímabila í efstu deild karla en þriggja keppnistímaibla í 1. deild karla, 2. deild karla og efstu deild kvenna. Ljóst þarf að vera að leikmaður,

¹ Í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga er notast við orðið „sambandsleikmaður“

² Í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga er notast við orðið „samningsleikmaður“

sem gerir leikmannssamning við félag, fái greitt fyrir að spila knattspyrnu, þ.e. að leikmaðurinn fái greitt umfram útlagðan kostnað hans við knattspyrnuíðkunina.³

Sambandssamningur (association contract)

Samningur sem gerður er við áhugaleikmann má aðeins kveða á um greiðslur sem ná yfir beinan útlagðan kostnað vegna leikja og kostnað við útbúnað o.fl. Geta heildargreiðslur samkvæmt slíkum samningi aldrei farið umfram kr. 300.000 á ári. Leikmaður sem gerir sambandssamning þarf að lágmarki að vera á sínu 15. aldursári þegar samningur er gerður. Ef leikmaður er ekki orðinn 18 ára skal forráðamaður hans/hennar einnig undirrita samninginn til að hann taki gildi.

Möguleg áhrif á félagaskiptatímabil/félagaskiptaglugga

Eins og félagaskiptatímabilinu er háttað á Íslandi í dag þá er heimilt að skipta leikmönnum á milli félaga annars vegar á tímabilinu 22. febrúar til 15. maí og hins vegar á tímabilinu 1. júlí til 31. júlí. Þetta á við um félagaskipti innanlands og félagaskipti á milli landa í meistaraflokki karla og kvenna (allar deildir) og félagaskipti samningsbundinna leikmanna yngri flokka. Hafa sömu félagaskiptatímabil átt við hvort sem um ræðir félagaskipti á milli félaga í 4. deild karla eða á milli félaga Pepsi Max deild karla og félagaskipti á milli félaga í 2. deild kvenna eða félagaskipti á milli félaga Pepsi Max deild kvenna. Með öðrum orðum hafa sömu félagaskiptagluggar átt við hvort sem um ræðir félagaskipti áhugaleikmanns eða félagaskipti atvinnuleikmanns í öllum deildum.

Hafa ber í huga að heimilt er samkvæmt reglugerð FIFA að setja upp mismunandi félagaskiptaglugga. Heimilt er að setja upp sérstakt félagaskiptatímabil fyrir félagaskipti atvinnuleikmanna kvenna (samningsleikmanna), annað fyrir atvinnuleikmenn karla (samningsleikmenn) og það þriðja fyrir áhugaleikmenn (sambandsleikmenn).

Þessi möguleiki kann að koma til góðra nota ef langt er á milli upphafs tímabila í efri deildum annars vegar og neðri deildum hins vegar.⁴ Þ.e. það gæti nýst vel ef félagaskiptagluggi fyrir félög í neðri deildum næði t.d. lengra fram á vorið heldur en félagaskiptagluggin í Pepsi Max deildum eða 1. deild.

Félagaskiptagluggum, skv. reglugerð FIFA, má skipta upp með eftirfarandi hætti:

- 1. Registration period for professional male competitions*
 - Félagaskiptagluggi fyrir mót/deildir þar sem atvinnuleikmenn karla (samningsleikmenn) spila.
- 2. Registration period for professional female competitions, and*
 - Félagaskiptagluggi fyrir mót/deildir þar sem atvinnuleikmenn kvenna (samningsleikmenn) spila.
- 3. Registration period for male and female competitions in which only amateurs participate.*
 - Félagaskiptagluggi fyrir mót/deildir karla og kvenna þar sem einungis áhugaleikmenn (sambandsleikmenn) spila.

³ 2. mgr. 3. gr. FIFA regulations on the status and transfer of players: A professional is a player who has a written contract with a club and is paid more for his footballing activity than the expenses he effectively incurs. All other players are considered to be amateurs.

⁴ U.þ.b. þrjár vikur liðu frá því Pepsi Max deilda karla hófst og þangað til 4. deild karla hófst árið 2019



Það sem þetta segir okkur er í fyrsta lagi að félagaskiptagluggi þarf að vera samstilltur í öllum deildum karla þar sem leikmannssamningar eru heimilir. Í öðru lagi að félagaskiptagluggi þarf að vera samstilltur í öllum deildum kvenna þar sem leikmannssamningar eru heimilir og í þriðja lagi að félagaskiptagluggi þurfi að vera samstilltur í öllum deildum karla og kvenna þar sem einungis áhugaleikmenn/sambandsleikmenn spila.

Með kveðju,

Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ

